



Fjárlaganefnd Alþingis

Reykjavík, 8. maí 2024

Efni: Umsögn Landspítala um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029

Vísað er til beiðni nefndar- og greiningarsviðs Alþingis varðandi umsögn til fjárlaganefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árið 2025–2029, 1035. mál. Í þessari umsögn Landspítala er horft til málefnasviðs 23 *Sjúkrahúsjónusta*.

Landspítali telur að ýmislegt í fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029 geti verið til þess fallið að styrkja og bæta heilbrigðiskerfið til frambúðar. Uppbygging nýs Landspítala er eitt af mikilvægustu verkefnum íslenskrar heilbrigðisþjónustu þegar horft er til framtíðar og telur spítalinn jákvætt að stjórnvöld hafi tryggt áframhaldandi fjármögnun þess þrátt fyrir þær blikur sem hafa verið á lofti í efnahagsmálum. Gert er ráð fyrir að byggingu meðferðarkjarna og rannsóknarhúss ljúki undir lok gildistíma fjármálaáætlunar en enn er óljóst hvenær hafist verður handa við annan áfanga nýs Landspítala. Spítalinn telur afar áriðandi að sá hluti uppbyggingar spítalans hefjist sem fyrst en í honum felst m.a. löngu tímabær bygging dag- og göngudeildarhúss og nýs húsnæðis fyrir geðþjónustu. Vert er að minna á að í skýrslu McKinsey um framtíðarþróun Landspítala er lögð þung áhersla á eflingu göngu- og dagdeildarþjónustu, m.a. til að lágmarka þörf fyrir legurými. Nýr Landspítali mun valda straumhvörfum í starfsemi Landspítala og heilbrigðisþjónustunnar í heild sinni og mun gera spítalanum kleift að takast á við ýmsar áskoranir komandi ára sem að öðrum kosti yrði ekki hægt að bregðast við með fullnægjandi hætti. Ljóst er að núverandi húsnæðiskostur er ófullnægjandi til að unnt sé að auka þjónustu spítalans að því marki sem nauðsynlegt er til að mæta aukinni eftirspurn. Því er óhjákvæmilegt að brugðist verði við með húsnæðislausnum sem brúa tímabilið þar til hinar nýju byggingar verða teknar í notkun.

Vaxandi verkefni Landspítala

Landspítali telur þau áform að styrkja stöðu hans sem stærstu heilbrigðisstofnunar landsins eins og fram kemur í áætluninni vera jákvæð. Spítalinn gegnir óvenju þýðingarmiklu hlutverki innan heilbrigðisþjónustunnar sem þjóðarsjúkrahús, háskólasjúkrahús og bráðasjúkrahús höfuðborgarsvæðisins. Sem háskólasjúkrahús er spítalinn jafnframt ein stærsta kennslustofnun landsins og sinnir vísindastarfi og menntun heilbrigðisstarfsfólks á öllum sviðum heilbrigðisvísinda. Það er því mikilvægt fyrir heilbrigðisþjónustuna og þjóðina alla að spítalinn geti rækt sitt veigamikla hlutverk.

Í drögum að fjármálaáætlun er gert ráð fyrir hækkun fjárframlaga til sjúkrahúsjónustu en Landspítali telur þá hækkun ekki mæta fyllilega fyrirséðri aukningu verkefna, ekki síst í ljósi hækkandi meðalaldurs og fólksfjölgunar. Eftirspurn eftir þjónustu heilbrigðiskerfisins hefur vaxið hratt í takt við mikla fólksfjölgun undanfarin ár og breytta samsetningu þjóðarinnar, einkum fjölgun aldraðra og

aðfluttra erlendra ríkisborgara. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fjölgaði íbúum landsins um 12,1% frá 1. janúar 2018 til 1. janúar 2024 sem svarar til rúmlega 2% aukningar að meðaltali á ári. Vegna hækkandi meðalaldurs er fjölgunin hlutfallslega enn meiri meðal þeirra aldurshópa sem komnir eru yfir miðjan aldur, þegar þörf fyrir heilbrigðisþjónustu eykst.

Miðað við mannfjöldaþróun er ljóst að eftirspurn eftir þjónustu spítalans mun aukast um 2,2% til 2,3% árlega á komandi árum og því metur spítalinn raunvöxt í þjónustuþörf á næstu 5 árum um 12%. Því þarf fjárveiting til spítalans að hækka sem nemur raunvexti til að mæta fyrirsjáanlegri þjónustuþörf.

Landspítali hefur síðustu ár skilað jákvæðri rekstrarniðurstöðu en vert er að hafa í huga að ákveðnum lykilkþáttum starfseminnar hefur ekki verið sinnt sem skyldi.

Fjármögnun í samræmi við hlutverk spítalans

Árið 2023 var fyrsta árið þar sem Landspítali fékk greitt samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustutengda fjármögnun sem undirritaður var haustið 2021. Markmiðið með þjónustutengdri fjármögnun er að tengja fjárveitingar við umfang veittrar þjónustu. Í því felst að sé þjónusta veitt umfram áætlanir kemur til sérstakrar fjárveitingar til að mæta kostnaði sem af því hlýst. Á árinu 2023 náði spítalinn markmiðum sem stefnt var að og gott betur en veitt þjónusta spítalans var 4,3% umfram áætlun. Samkvæmt samningi við SÍ er gert ráð fyrir að greitt sé að fullu fyrir allt að 4% framleiðslu umfram áætlun og 30% af verði fyrir framleiðslu umfram 4% en greiðslur fyrir umframþjónustu takmarkast þó af samþykkt í fjárlögum eða fjáráukalögum. Með fjáráukalögum var samþykkt fjárveiting til að standa straum af þessari þjónustuaukningu að hluta. Þannig fékk spítalinn ekki greitt fyrir um 2% af þjónustu sem veitt var umfram áætlun. Nú bindur spítalinn vonir við að með fjármálaáætlun verði tryggt að hann fái fjármagn fyrir þá þjónustu sem hann veitir í samræmi við samninginn við SÍ.

Fjármögnun spítalans er þó aðeins þjónustutengd að hluta eða sem nemur um 56% af heildarfjármögnun hans. Þjónustutengd fjármögnun nær ekki til fjármögnunar annarra mikilvægra þátta í starfseminni sem hafa farið vaxandi síðastliðin ár, s.s. geðþjónustu, endurhæfingarþjónustu og öldrunarþjónustu. Enn fremur eru menntunarhlutverk og vísindastarfsemi spítalans fjármögnuð með fastri fjárveitingu. Landspítali hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem háskólasjúkrahús, bæði á sviði kennslu og vísinda. Frá árinu 2015 hefur verið byggt upp umfangsmikið sérnám í fjölmörgum sérgreinum læknisfræðinnar og er það mikilvægur liður í að efla og tryggja mönnun í lækningum á Íslandi. Sérnám lækna lýtur öðrum lögmálum en annað framhaldsnám á Íslandi, enda er það ekki hluti af hefðbundnu háskólanámi heldur fer námið eingöngu fram á vottuðum kennslustofnunum, einkum Landspítala, og um það gildir sérstök reglugerð. Útgáfa reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi, nr. 856/2023, í ágúst sl. markaði mikilvæg tímamót í sérnámi í læknisfræði á Íslandi þar sem búið er að endurskilgreina og uppfæra regluverk sérnáms í samræmi við Evróputilskipun og alþjóðleg viðmið. Nú er svo komið að á Landspítala eru í boði 190 stöður sérnámslækna á ári í 16 mismunandi sérgreinum. Þess ber að geta að áður en umrætt sérnám var þróað fóru allflestir ungir læknar erlendis til sérnáms og naut íslensk heilbrigðisþjónusta ekki þeirra krafta á meðan á námi stóð, iðulega um 5-10 ára skeið, auk þess sem

læknarnir í lengdust oft erlendis eða settust þar að eftir að sérnáminu lauk. Hver sérgrein krefst kennslustjóra og er handleiðslu námslækna sinnt af sérfræðilæknum sem fá til þess sérstaka þjálfun. Umgjörð námsins, sem felur m.a. í sér aðkeypta þjónustu og vottun erlendra aðila til að tryggja gæði þess, hefur verið kostnaðarmetin og nemur kostnaðurinn ríflega 500 milljónum króna á ári. Undanfarin ár hefur Landspítali ítrekað vakið máls á vanfjármögnun þessa verkefnis en fram til þessa hefur spítalinn fjármagnað það af sínu rekstrarfé og hefur það þrengt að fjármögnun annarra skipulagsþátta í starfsemi. Landspítali leggur því þunga áherslu á að aukin fjárveiting verði veitt til þessa mikilvæga verkefnis sem skiptir sköpum varðandi getuna til að manna læknisþjónustu á Íslandi í framtíðinni.

Loks er Landspítali vísindastofnun sem sinnir mikilvægu hlutverki á sviði vísindarannsókna á heilbrigðisviði. Samkvæmt gögnum um vísindastarf á Landspítala hefur birtum vísindagreinum starfsmanna fækkað síðustu ár og er ástæða til að hafa af því verulegar áhyggjur. Ljóst er að aðstæður vísindamanna á Landspítala eru erfiðar vegna aukinna klínískra starfa sem komið hafa niður á afkastagetu þeirra á vísindasviðinu. Víðast hvar á háskólasjúkrahúsum eru veittar sérstakar fjárveitingar til ráðningar vísindamanna gagnert til að stunda rannsóknir. Telur spítalinn einna mikilvægast í þessu samhengi að fjármögnun heilbrigðisvísindasjóðs verði tryggð, líkt og boðað er í heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

Húsakostur, tækjabúnaður og stafvæðing

Eins og áður er vikið að er ljóst að á tímabili fjármálaáætlunar fara miklir fjármunir í uppbyggingu nýs Landspítala. Þessi framkvæmd hefur tekið lengri tíma en áætlað var og hefur það leitt til þess að núverandi húsnæði spítalans mætir ekki sívaxandi eftirspurn eftir þjónustu. Nauðsynleg endurnýjun tækja og búnaðar í rekstri Landspítala er auk þess ekki fjármögnuð nema að hluta. Telur spítalinn óhjákvæmilegt að gerðar verði ráðstafanir til að unnt sé að veita fullnægjandi þjónustu þar til flutt verður í nýjar byggingar. Landspítali hefur sýnt því skilning að skynsamlegt sé að beita aðhaldi varðandi fjárfestingar í í fasteignum og tækjum vegna byggingar nýs Landspítala. Það má þó ekki koma niður á þjónustu spítalans og þar sem sú er raunin verður að bregðast við.

Landspítali hefur sent heilbrigðisráðuneytinu fjárfestingaráætlanir fyrir tímabilið 2025 til 2029 en fyrir liggur að ráðast þarf í endurnýjun og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar fyrir samanlagt rúmlega 16 milljarða króna á tímabili fjármálaáætlunarinnar. Fyrst og fremst er hér um að ræða nauðsynlega endurnýjun tækja og búnaðar að andvirði 14 milljarða króna á tímabilinu. Auk þess er gert ráð fyrir að um 2 milljarðar króna fari til kaupa á nýjum tækjakosti. Fjárfestingaráætlunin tekur mið af því að endurnýjun og nýkaup búnaðar sem ekki er hægt að flytja í nýjan meðferðarkjarna við Hringbraut bíði þar til eftir flutning ef það er mögulegt.

Í fjármálaáætlun er fjallað um framtíðarsýn og meginmarkmið sjúkrahúsþjónustu og þar er meðal annars horft til stafrænnar framþróunar í heilbrigðisþjónustu og markmið sett um að styrkja stafræna upplýsingagrunna. Landspítali hefur mikilvægu hlutverki að gegna í þróun stafræna lausna fyrir heilbrigðisþjónustuna og leggur sérstakan metnað í þetta mikilvæga verkefni. Til marks um það var sett á stofn sérstakt þróunarsvið í þeirri skipuritsbreytingu sem tók gildi fyrir rúmu ári síðan. Enn fremur má vísa til umfjöllunar um mikilvægi stafvæðingar í skýrslu McKinsey um framtíðarþjónustu

Landspítala þar sem fram kemur að ekki verði gerlegt að mæta þjónustuhörf til framtíðar nema ráðist verði í stórfellda stafvæðingu innan stofnunarinnar. Með hliðsjón af áformum um fjárveitingar á næstu árum mun spítalinn því ekki eiga kost á að þróa stafrænar lausnir í samræmi við þarfir og hlutverk stofnunarinnar.

Markmið Landspítala er að halda sig innan fjárheimilda og eiga í góðu samstarfi við heilbrigðisyfirvöld og Alþingi þegar ófyrirséð verkefni kalla á aukin útgjöld. Í takt við vaxandi verkefni og aukið flækjustig heilbrigðisþjónustu er einsýnt að auka þurfi fjárveitingar til spítalans til að mæta þörf spítalans fyrir fjármuni til rekstar og fjárfestinga. Landspítali leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja rekstraröryggi sjúkrahússins á næstu árum og mæta fyrirsjáanlegum vexti í eftirspurn eftir sjúkrahúsþjónustu. Að ofansögðu má ljóst vera að það er stór áskorun að mæta markmiðum málaflokksins að óbreyttu.

Virðingarfyllst,



Runólfur Pálsson
Forstjóri